



# FRÉTTABRÉF BSSL

## Gæðastýring í sauðfjárrækt

Peir bændur sem misstu rétt sinn til álagsgreiðslna árið 2006 eru hvattir til að endurnýja umsókn sína til gæðastýrðar sauðfjárframleiðslu. **Umsóknarfrestur er til 15. desember 2006.** Einungis þarf að fylla út fyrsta umsóknareyðublaðið sem hægt er að nálgast á vef Búnaðar-sambands Suðurlands undir liðnum sauðfjárrækt [www.bsll.is](http://www.bsll.is)

Frekari upplýsingar veitir sauðfjárræktarráðunautur í sínum 487 4818 / 470 8083 / 893 0578.

## Viðvera og merkjapantanir fyrir sauðfé

Ég vil minna bændur á viðveru mína hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Á mánudögum og þriðjudögum er ég með viðveru í Kirjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri, sími 487-4818. Seinni hluta vikunnar er ég með viðveru í Nýheimum á Höfn, sími 470-8083, nema fyrstu viku í hverjum mánuði þá er ég með aðstöðu á Selfossi seinni hluta vikunnar. Merkjapantanir í sauðfé sé ég um fyrir bændur ef óskað er eftir því.

Pórey Bjarnadóttir  
Sauðfjárræktarráðunautur

## Kúabændur athugið ! Fundur í Þingborg fimmtudag 7. desember kl. 20.30

### Dagskrá:

Kúabúskapur á N-Sjálandi og Íslandi - Hvað geta íslenskir kúabændur lært af reynslu N-Sjálendinga?

• Frummælandi: Valdimar Einarsson  
landbúnaðarráðgjafi á N-Sjálandi

Kúabændur á Suðurlandi eru hvattir til mæta og taka þátt í umræðum

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

## Á að vera landbúnaður á Íslandi?

Föstudaginn 8. desember 2006 verður haldinn opinn bændafundur að Árhúsum á Hellu og hefst kl. 14.00.

### Dagskrá:

1 Áherslur og viðhorf Bændasamtakanna í verðlags- og tollamállum. Haraldur Benediktsson, formaður

Bændasamtaka Íslands

2 Nýsjálenskur landbúnaður og samanburður við íslenskan. Valdimar Einarsson, landbúnaðarráðgjafi á N-Sjálandi

Fundarlok áætluð kl. 17.00

## Nautgriparæktarfundir

Nú líður að útgáfu nýrrar nautaskrár en til notkunar koma nú sex ný naut úr 2000 árgangi. Þau ættu nú þegar að vera komin í kúta frjótæka og þannig í almenna dreifingu. Búnaðarsambandið stendur nú í desember fyrir þremur kynningarfundum um nautin og kynbótastarfið sem haldnir verða sem hér segir:

Þingborg, Flóa	mánudaginn 11. desember kl. 13.30
Árhúsum, Hellu	þriðjudaginn 12. desember kl. 13.30
Geirlandi á Síðu	miðvikudaginn 13. desember kl. 13.30

Á fundunum mun Guðmundur Jóhannesson kynna nautin á hefðbundinn hátt auk þess sem Runólfur Sigursveinsson mun fara yfir leiðir til þess að lækka framleiðslukostnað mjólkur.

Allir áhugamenn um nautgriparækt eru hvattir til að mæta. Kaffiveitingar.

## Sæðisdropinn 2/06

Fyrri hluti árgangs nauta 2000 kom til afkvæmadóms nú í nóvember. Um er að ræða þann hóp nauta sem kominn var með nægilega margar dætur en endanlegur afkvæmadómur fer síðan fram í mars n.k. Benda má á að niðurstöður kvíguskoðunar þessa árgangs eru komnar á vef Bændasamtakanna, [www.bondi.is](http://www.bondi.is) Þessi árgangur nauta er að meginhluta synir þeirra Tjakks 92022 og Smells 92028 auk þess sem Skuggi 92025 átti þarna nokkra syni. Meðal nautanna f. 2000 er ekki að finna viðlíka toppa eins og sést hafa í undanförunum árgöngum en þó standa vonir til að nokkur góð naut muni koma til notkunar úr árgangnum. Þessi naut eru yfirleitt að gefa glæsikýr með góða júgur- og spenagerð en mjaltir eru töluvert breytilegar. Þá er afurðageta misjöfn en mjög góð hjá mörgum dætrahópanna og standa Smellssynirnir Tjakkssonunum þar sýnu frammar. Ákveðið var að setja sex þessara nauta strax í notkun. Hér á eftir fer nánari umsögn um þau.

**Laski 00010** er frá Dalbæ í Hrunamannahreppi, undan Smelli 92028 og Lubbu 177 sem var fádæma endingargóð og öflug Rauðsdóttur 82025. Dætur Laska eru góðar mjólkurkýr með jákvæð efnahlutföll í mjólk og er afurðamat hans 113. Þetta eru fallegar kýr með ágæta júgur- og spenagerð auk þess sem þær virðast júgurhraustar, frumutölumatið er 118 Þær hafa jákvætt mat fyrir mjaltir og eru mjög skapgóðar. Heildareinkunn Laska er 112 og kemur hann til notkunar sem nautsfaðir.

**Golli 00012** er frá Garðsá í Eyjafirði, undan Smelli 92028 og Brúðu 311 Andvaradóttur 87014. Brúða er enn í fullu fjöru og sýnir því líkt og Lubba 177, móðir Laska, einstaka endingu auk þess sem hún er öflug mjólkurkýr. Golli gefur mjólkurlagnar kýr með fremur hátt fituhlutfall en próteinhlutfall um meðallag. Afurðamat er 115. Þessar kýr hafa sterka júgurgerð en spenar eru aðeins í grófara lagi og dómur þeirra fyrir mjaltir og skap er í tæpu meðallagi. Heildareinkunn Golla er 104.

**Kistill 00017** er frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi, sonur Tjakks 92022 og Másu 167 Daðadóttur 87003 en hún var öflug mjólkurkýr. Dætur Kistils virðast mjólkurlagnar með efnahlutföll mjólkur nærri meðaltali og afurðamatið er 111. Þetta eru snotrar kýr með gallalitra júgur- og spenagerð, mjaltir nærri meðallagi og umsögn um skap lofsamleg. Heildareinkunn Kistils er 106.

**Kósi 00026** er frá Svertingsstöðum í Eyjafirði, Smellssonur 92028 og var móðir hans, Gullbrá 142, farsæl og öflug mjólkurkýr undan Andvara 87014. Dætur Kósa eru vel í meðallagi mjólkurlagnar með góð efnahlutföll í mjólk og er afurðamat hans 109. Þetta eru sterkbyggðar kýr með góða júgur- og spenagerð. Mjaltir eru aðeins breytilegar eða í slöku meðallagi en hins vegar er dómur fyrir skap jákvæður. Heildareinkunn Kósa er 106.

**Júdas 00031** er frá Syðri-Knarrartungu á Snæfellsnesi, undan Smelli 92028 og Blökk 119 sem var mjög öflug og farsæl kýr undan Præði 86013. Móðurmóðir Júdasar var ekki síður athyglisverð en hún var felld á síðasta ári eftir að hafa lagt að baki nær 15 ár í framleiðslu og skilað meiri æviafurðum en flestar mjólkurkúr héraendis. Dætur Júdasar eru vel mjólkurlagnar með efnahlutföll mjólkur í tæpu meðallagi og afurðamat upp á 105. Júgurgerð er sterkleg en spenar stundum í lengra lagi. Þessar kýr fá mjög jákvætt gæðamat hjá eigendum enda dómur fyrir bæði mjaltir og skap mjög jákvæður. Heildareinkunn Júdasar er 106.

**Náttfari 00035** er frá Vorsabæ í Austur-Landeyjum, undan Smelli 92028 og Góðunótt 165 Daðadóttur 87003. Góðanótt var fádæma mjólkurlagin og öflug kýr af þektri móðurlínu þar sem margar kúnna hafa verið í hópi hæstu kúa í landinu í kynbótamati. Dætur Náttfara eru gríðarlega mjólkurlagnar (134 fyrir mjólkurmagn) en efnahlutföll eru lág og t.d. stendur mat fyrir próteinhlutfall aðeins í 78. Afurðamat er eigi að síður feikihátt eða 122. Þetta eru öflugar kýr með góða júgur- og spenagerð, mjaltir í slöku meðallagi en þær eru skapgóðar. Heildareinkunn Náttfara er 115.

**Nautaskrá 2006-07**

Í nautaskrá 2006-07 verða ofantalin naut auk eftirtalinna eldri nauta: Prakkari 96007, Teinn 97001, Þverteinn 97032, Hersir 97033, Rosi 97037, Meitill 98008, Glanni 98026, Umbi 98036, Hræsingur 98046, Prasi 98052, Ábætir 99002, Pollur 99008, Spuni 99014, Ótti 99029 og Gangandi 99035.

Ástæða er til að benda á að Ábætir, Pollur, Ótti og Gangandi eru undan mismunandi nautum og um leið einu synir þeirra nauta sem í notkun eru þannig að þeir eru líklega hvað fjarskyldastir kúastofninum í landinu í dag af þeim nautum sem í notkun eru. Sú ástæða eins og sér gerir þá áhugaverða til notkunar auk þess sem ástæða er til að minna á að dætur Ganganda eru einhver glæsilegasti dætrahópur sem fram hefur komið hvað skrokkbyggingu og júggerð varðar auk þess vera frábærar í mjóltum.

Nautaskráin mun koma út innan tíðar en búið er að uppfæra Netnautin með upplýsingum um þessi naut.

**Nautsfeður**

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði eru Hersir 97033, Rosi 97037, Glanni 98026, Umbi 98036, Prasi 98052, Pollur 99008 og Laski 00010.

**Nautkálfar á stöð**

Í vetur verða teknir nautkálfar á stöð undan eftirtöldum nautum: Hersir 97033, Rosi 97037, Glanni 98026, Fontur 98027, Umbi 98036, Prasi 98052 og Pollur 99008 auk ofantalina nautsfeðra. Þá geta kálfar undan eldri nautsfeðrum komið til greina. Látið endilega vita um nautkálfa undan kúm á nautsmæðraskrá og efnilegum kvígum með háa ætternisspá.

Á nautsmæðraskrá eru eins og áður kýr með 115 eða hærra í kynbótamat og 90 eða hærra fyrir prótein. Til greina kemur að taka nautkálfa undan kúm með kynbótamat á bilinu 110-114. Allar nautsmæður þurfa að vera kollóttar og gallalausar hvað varðar júgur, spena, mjaltir og skap. **ATHUGIÐ** að á útsendri nautsmæðraskrá eru allar ættfærðar kýr með 110 og hærra í kynbótamat þó svo þær standist ekki kröfur varðandi útlitsdóm.

Þá er þeim tilmælum beint til manna að láta sæða efnilegar og vel ættaðar fyrsta og annars kálfs kvígur með nautsfeðrum þó kynbótamat liggji ekki fyrir með það í huga að bjóða nautkálfa undan þeim.

Ætternismat ásetningskvígna hefur verið sent út undanfarin ár og má nota það til hlíðsjónar.

**Holdasæði**

Eins og áður stendur til boða sæði úr Angus, Galloway og Limousine nautum. Þau naut sem til er sæði úr eru: Angus: Angi 95400, Álfur 95401 og Arður 95402.

Galloway: Holdi 83649, Reynir 83654, Rúgur 84666, Borði 85682, Hnallur 86690, Búálfur 87604, Frakkur 87696, Hímir 88610, Nóri 88611, Sóli 88612, Naglfari 90627, Bor 90632, Hólmi 91637, Mótor 91638 og Hofmann 92500.

Limousine: Ljúfur 95450, Ljómi 95451 og Lindi 95452.

Ávallt eru einhver þessara nauta í kútum frjótækna en sé áhugi á sérstöku nauti, þá talið við frjótækni tímanlega ef það þyrfti að panta frá Hvanneyri.

**Ungnaut**

Útsendingu er lokið úr nautum fæddum '04 og fyrstu nautum úr árg. '05.

Dreifingu er lokið úr Jaxli 04027, Degi 04035, Hengli 04037, Fjalla 04040, Stíl 04041, Ára 04043, Jaka 04044, Þjálfá 04047, Stöðli 05001, Bauta 05002, Oddgeiri 05006 og Hrygg 05008.

Dreifing er langt komin, þ.e. yfir 700 sk. farnir frá Hvanneyri, úr: Slána 05007, Hnappi 05009, Hávarði 05010 og Gegni 05012.

Útsending er vel á veg komin úr Rúti 05004, Ferðalangi 05011 og Standi 05013.

Byrjað er að senda út úr Renningi 05014, Mola 05015 og Gralla 05017.

**Nautskráin er á netinu og þar er hægt að finna upplýsingar um öll reynd og óreynd naut í notkun.**

**Slóðin er [www.bssl.is/nautaskra](http://www.bssl.is/nautaskra).**

Guðmundur Jóhannesson

# Góður valkostur

Einkorna áburður frá Kemira GrowHow

## Jókerinn

N 26

Eingildur N áburður með selen. Jókerinn hentar vel á tún og grænfóðurakra sem fá nægan búfjáraurð. Þessi áburður hentar líka mjög vel sem viðbótar áburðargjöf á milli slátta.

Verð kr. 25.678

## Sexan

NPK 20-3-8

Prígildur NPK áburður með selen. Sexan hentar vel á tún í góðri rækt þar sem enginn búfjáraurður er notaður. Góður valkostur sem uppfyllir að mestu meðal áburðarþörf.

Verð kr. 28.647

## Ásinn

NP 26-6

Tvígildur NP áburður sem hentar vel á nýleg tún þar sem verið er að byggja upp fosfór en nægjanlegt kalí fæst með búfjáraurði. Ásinn hentar einnig vel til landgræðslu, á úthaga og beitartún.

Verð kr. 29.153

## Sjöan

NPK 20-5-7

Prígildur NPK áburður með selen. Sjöan hentar vel á nýleg tún þar sem verið er að byggja upp fosfór í jarðvegi sem þarf ekki mikið kalí. Góður valkostur þar sem verið er að taka gömul tún í ræktun aftur. Hentar einnig vel á bygg sem þarf mikið köfnunarefni til dæmis á sanda og melatún.

Verð kr. 29.101

## Pristurinn

NP 26-3

Tvígildur NP áburður með selen. Pristurinn hentar vel á eldri tún þar sem kalíþörf er fullnægt með búfjáraurði en þörf er á auka skammti af fosfór.

Verð kr. 28.600

## Nían

NPK 24-4-7

Prígildur NPK áburður. Nían hentar fyrir tún í góðri rækt sem fengið hafa takmarkaðan búfjáraurð eða þar sem hugsanlegt er að kalí hafi farið forgörðum í búfjáraurði.

Verð kr. 28.512

## Fimman

NPK 18-7-8

Prígildur NPK áburður. Fimman er góður valkostur sem hentar á nýrækt, áburðarflek tún, græn fóður og kornrækt.

Verð kr. 30.666

## Garðáburður

NPK 12-5-14

Prígildur NPK garðáburður sem hentar vel fyrir matjurtir og garðrækt. Áburðurinn er klórnsauður.

Verð kr. 33.387

\*Uppgefið verð er háð sölugengi evru og miðast uppgjeft verð við sölugengi evrunnar hjá Landsbanka Íslands 29. nóvember 2006 sem var skráð 90,48. Verð er án vsk.

## Verðum í sambandi



Guðbjörg Jónsdóttir  
Áburðarsali  
GSM: 693-6864  
gugga@betraland.is



Ingi Már Björnsson  
Áburðarsali  
GSM: 894-9422  
ingi.mar@betraland.is



Sigríður Eiríksdóttir  
Áburðarsali  
GSM: 863-4339  
sigga@betraland.is



Sigurður Jónsson  
Áburðarsali  
GSM: 893-4339  
siggi@betraland.is



Valgeir Anton Þórisson  
Áburðarsali  
GSM: 863-4010  
v.anton@betraland.is



Þorsteinn Snædal  
Áburðarsali  
Sími: 471-2465  
steini@betraland.is